

um skipun nefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka fjárfestingu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna erlendis og fleira.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Deildin ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 5 manna nefnd innandeildarþingmanna samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka eftirfarandi og gefa deildinni skýrslu um það:

1. Hve mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur dregið út úr rekstri sjávarútvegsins á Íslandi og sett fast í fyrirtækjum í Bandaríkjunum, Bretlandi og Hollandi og hvernig háttað er um stjórn, afrakstur og eign þeirra fyrirtækja.
2. Hve mikið fé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur lánað út erlendis í sambandi við þennan rekstur, hefur tapað þar eða á útistandandi.
3. Hvernig háttað er um veð ríkisbankanna og tryggingu fyrir þeim veðlánum, sem þeir hafa veitt út á fisk þann, sem fluttur er út og átti að greiðast við afskipun.

Nefndin hefur rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi flutti ég þingsályktunartillögu um svipað efni og þessa, en þó víðtækari. Við þær umræður, er fram fóru um hana, komu fram ýmsar upplýsingar um lánveitingar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fjárfestingu innanlands og utan.

Það var upplýst, að Sölumiðstöðin hafði stofnað hlutfélög innanlands og utan, sem hér segir:

1. Jökla h/f, skipafélag, stofnað 1945 með 500 þús. kr. hlutfé. Allmargir, sem þá voru í SH, urðu þá hluthafar. SH lánaði því hlutfélagi 800 þús. kr., sem nú er greitt, og félagið á nú 3 skip.
2. Miðstöðin h/f, verzlunarfélag með 300 þús. kr. hlutfé. SH mun hafa lánað því 4½ millj. kr.
3. Tryggingamiðstöðin h/f, tryggingarfélag með 1 millj. kr. hlutfé. Ýmsir aðilar SH eru hluthafar. SH hefur lánað því 4½ milljón kr.
4. Coldwater Seafood Corporation í Bandaríkjunum. Hlutfé 459300 dollarar (eða 17½ millj. ísl. kr. eftir gamla genginu). Talið, að SH eigi hlutféð, en óvíst, hvernig um þá eign er búið, og stjórn mun vera Jón Gunnarson framkvæmdastjóri SH og amerískur borgari eða borgarar. Við umræður á síðasta Alþingi var upplýst, að birgðir þessa hlutfélags væru 54 millj. kr. virði í ársbyrjun 1961, útistandandi skuldir, sem þó eru sagðar venjulega greiðast fljótt, 1,674 millj. dollarar eða 63½ millj. ísl. króna eftir gamla genginu, og fiskbirgðir í verksmiðjum 600 þús. dollara virði eða tæpra 23 millj. ísl. kr. eftir gamla genginu.
5. Frosen Fresh Ltd., London. Hlutfé 60 þúsund sterlingspund eða rúmar 6 millj. ísl. kr. eftir gamla genginu. SH hefur þá lánað því fyrirtæki 87 þús. pund eða rúmlega 9 millj. ísl. kr., og fiskbirgðir voru í ársbyrjun 41 þús. sterlingspunda virði eða rúmlega 4 millj. ísl. kr., hvort tveggja upphæðir eftir gamla genginu.
6. Snacks Ross Ltd., London. Hlutfé 10 þús. sterlingspund eða rúmlega 1 millj. ísl. kr. SH hafði þá lánað þessu fyrirtæki 5300 sterlingspund eða 5½ millj. ísl. kr. eftir gamla genginu. — Staðhæft var, að bæði þessi síðastnefndu fyrirtæki væru eign SH.

Samkvæmt þessum upplýsingum, er Einar Sigurðsson, 3. (vara)þingmaður Austfirðinga, meðlimur í stjórn SH, veitti á síðasta Alþingi, hafði SH fjárfest eða lánað á einn eða annan hátt yfir 150 millj. kr.

Þar eð rannsóknartillagan var ekki samþykkt á síðasta þingi, hefur ekkert verið í þessu máli gert. Mun erlend fjárfesting SH hafa vaxið, og er jafnvel staðhæft, að nú séu í veltu erlendis á vegum þessa fyrirtækis fjárhæðir, sem nema jafnvel 300—400 millj. kr., ýmist í verksmiðjum, birgðum, eða útistandandi skuldum.

Nú er Sölumiðstöðin eingöngu hugsuð sem sölusamtök freðfiskframleiðenda. Ríkisbankarnir veita fé að láni út á freðfisk hraðfrystihúsanna, og ber að greiða þau lán við afskipun freðfisksins. Þetta hefur Sölumiðstöðin ekki annast. Á hennar vegum er fluttur út fiskur, án þess að hann sé greiddur eins og vera ber, og eiga bankar ríkisins stórfé hjá hraðfrystihúsunum fram yfir það, sem nemur veðbundnum fiski hér heima.

Þá hafa og eigendur freðfisks eigi fengið reikningsskil fyrir fiski sínum við afskipun, svo sem vera ber, heldur eiga mikið fé inni hjá Sölumiðstöðinni, sem hún hefur fest í fyrirtækjum sínum erlendis.

Vegna hagsmuna ríkisins, þjóðarheildarinnar og einstaklinga er þörf á, að rannsakað sé til fullnustu, hversu mikil brögð eru nú orðin að þessari fjárfestingu SH erlendis, hversu tryggt þar er um hnútana búið, hvert öryggi er fyrir því fé ríkisbankanna, sem er í vörzlu þessa fyrirtækis, og fyrir innstæðum freðfisk-eigenda hjá því. Þess vegna er þessi tillaga flutt.